

Björgunarsveitin Dýri

Með þessu leggjum viljum við, Björgunarsveitin Dýri, leggja fram umsókn um styrk fyrir kaup á nýjum breyttum björgunarsveitar jeppa. Sveitin fagnar 50 ára afmæli í ár og er hluti af öryggisneti Vestfjarða. Verkefni sveitarinnar eru lang flest þeim fjallvegum og ferðamannastöðum sem eru í okkar nágrenni, Dynjandisheiði, Gemlufallsheiði, Dynjandisvogur og Svalvogavegur

Núverandi jeppi sveitarinnar, sem er orðinn 25 ára, hefur þjónað okkur dyggilega en er orðinn kominn til ára sinna og er aldurinn farinn að segja til sín. Frá 1. janúar 2023 til dagsins í dag hefur hann verið notaður í 28 aðgerðir og er helsta verkfæri sveitarinnar í björgunarstarfi. Vegna bættra samgöngumannvirkja yfir Dynjandisheiði og aukins fjölda ferðamanna hefur umfang og fjöldi verkefna aukist, og þá er öflugur og áreiðanlegur björgunarbíll algjör nauðsyn.

Við ætlum að kaupa Ford Expedition jeppa sem verður breyttur fyrir 44 tommu dekk og mun verða vel útbúinn fyrir björgunaraðgerðir. Ef þess þarf mun einnig vera hægt að flytja sjúkling í börum í bílnum, sem eykur verulega viðbragðshæfni sveitarinnar í neyðartilfellum.

Hvernig verkefnið styður við markmið sjóðsins

1. Styrkari samfélagsgerð

- Björgunarsveitin Dýri hefur um áratugaskeið verið mikilvægur hluti af öryggisneti svæðisins. Viðbragðsgeta sveitarinnar tryggir öryggi íbúa og ferðamanna, sem skapar sterkara og öruggara samfélag.

2. Uppbygging innviða

- Endurnýjun björgunarbílsins mun tryggja öruggari og öflugri aðstoð á fjölbreyttum vegum svæðisins, einkum þar sem vetraraðstæður geta verið erfiðar.

3. Loftslagsmarkmið og umhverfisvernd

- Nýr björgunarbíll mun draga úr losun mengandi efna með hagkvæmari og vistvænni tækni en eldri bíllinn.

4. Tenging við sjókvíaeldi

- Þó sveitin sinni ekki beint sjókvíaeldi, hefur öryggi samgönguleiða um Dynjandisheiði og Gemlufallsheiði áhrif á atvinnulíf, þ.m.t. sjókvíaeldi og önnur tengd starfsemi.

5. Nýsköpun

- Nútímalegt björgunartæki mun auka öryggi björgunarsveitarinnar og gera henni kleift að sinna björgunarstarfi á öruggari máta.

Fjárhagsáætlun og þörf fyrir styrk

Björgunarsveitin Dýri hefur það markmið að safna 31.000.000 kr. til kaupa á nýjum björgunarbíl. Hingað til hefur okkur tekist að safna 15.000.000 kr. og vantar okkur því 16.000.000 til að láta verkefnið verða að veruleika

Tímarammi og framkvæmd

Við stefnum að því að ljúka söfnun og pöntun á bílnum á árinu 2025 og verði klár í útkall undir lok árs 2026

Lokaorð

Björgunarsveitin Dýri hefur þjónað svæðinu í 50 ár og er mikilvægur öryggisþáttur fyrir íbúa og ferðamenn. Endurnýjun björgunarbílsins er nauðsynleg til að tryggja öflugri og öruggari björgunaraðgerðir á svæðinu. Við vonumst til að styrkveitandi sjóðsins geti stutt við þetta brýna verkefni og lagt sitt af mörkum til öryggis og samhjalpar á Vestfjörðum.

